

Dagurinn lengist óðum og ilmur vors færist nær

Kristófer Tómasson sveitarstjóri



Á borði sveitarstjóra er nóg af pappírnum þessa dagana rétt eins og verið hefur svo lengi sem ég þekki til, verkefnastaðan er ávallt góð. Í þeim skilningi að rúmlega nóg er fyrir stafni. Það er annarra að meta hvernig gengur að koma hlutunum í verk. Viðleitni er allavega til staðar.

Árstíðabundið verkefni um þessar mundir er vinna við uppgjör reksturs sveitarfélagsins á síðasta ári. Það er komið vel á veg. Skipulagmálin eru sem fyrr tímafrek. Nýja aðalskipulagið mun varla taka gildi fyrr en í fyrsta lagi í lok maí og varla síðar en í september. Það ræðst mest af hvað berst af athugasemdum.

Friðlýsing og framkvæmdir í Þjórsárdal

Eins og fram hefur komið er unnið að undirbúningi friðlýsingar á svæði í Þjórsárdal. Upphaflega var horft til þess að friðlýsa eingöngu Gjana. Segja má að upphaflega hugmyndin hafi víkkað verlega út. Endanlegar útlínur fyrirhugaðs friðlýsingarsvæðis liggja ekki endanlega fyrir en verið er að móta þær, í öllu falli stefnir til að mynda í að Háifoss, Fossárdalur og gervigígarnir verði innan við tilvonandi friðlýsingarmörk. Ég tel tvímælalaust að friðlýsing verði framfaraskref fyrir þetta ægífagra en viðkvæma svæði. Auk þess er Minjastofnun með í ferli

friðlýsing minja í Þjórsárdal.

Staðfesting barst fyrir skömmu um að sex milljónum verði veitt úr framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Verkefnið heitir: Útivistarleiðir í Þjórsárdal. Styrkur verður veittur til að hanna og þróa net ferðaleiða um Þjórsárdal og til að stika og merkja útivistarstíga í dalnum. Þannig verður öryggi eftt og dregið úr álagi vegna ferðamennsku á viðkvæmum svæðum. Einnig er hann hugsaður til að gera fornar þjóðleiðir aðgengilegar sem göngu-, hjóla- og reiðleiðir og stuðla að varðveislu menningarminja.

Nýr uppbyggður vegur verður lagður að Hjálparfossi í sumar. Verkinu á að vera lokið í júní. Salerni fyrir ferðamenn verða einnig sett upp við fossinn. Eru þessar betrubætur kærkomnar.

Framkvæmdaáform Rauðakambshélf í Reykholti eru þannig stödd um þessar mundir að beðið er eftir svörum um hvort beri að fara með framkvæmdina í umhverfismat eður ei. Ljóst má vera að umhverfismat ef til þess kemur mun taka talsverðan tíma.

Menningin

Þegar þetta er ritað hefur leikritið „Nanna systir“ verið frumsýnt í félagsheimilinu Árnosi. Leikarar eiga skilið mikið hrós fyrir sína frammi-stöðu í stykkinu sem og leikstjórninn. Ég þreystist seint á að halda á lofti ánægju minni með að þessi mikla leikhefð sem á sér langa sögu hér, skuli vera haldið enn á lofti með

slíkum myndarskap sem raun ber vitni. Allir þeir miðlar sem bjóðast íbúum hér, hafa ekki náð að trufla leiklistarmenninguna. Því ber að fagna. Þessu er svipað varið í sumum nágrannasveitarfélögum.

Undirbúningur er hafinn að byggðahátíðinni. Ekki er ljóst hvaða nafn hún ber í ár. En hugmyndavinna er farin af stað. Líklegast er að hún verði haldin um miðjan júní. En það er sagt með fyrirvara.

Framkvæmdir


Eins og kunnugt er, þá er nokkur frágangur eftir af stóra gatnagerðarverkefninu. Það felst í gangstéttum, köntum og fleiru. Verður haldið áfram með það verkefni þegar veðráttan leyfir. Verið er að meta endurbóta- og breytinga þörf í félagsheimilinu í Brautarholti. Þar þarf að betrum-bæta sumt og eru þar til staðar nokkur tækifæri á að nýta bygginguna betur.

Horft er til þess að sveitarfélagið kaupi eina til tvær íbúðir í þéttbýliskjörnunum. Er tilgangurinn að auka framboð af húsnæði í sveitarfélaginu. Enda virðist ekki vanþörf á. Þátttaka sveitarfélagsins í tilraunverkefni Íbúðarlánasjóðs mun vonandi koma að gagni hvað það varðar.

Það streymir allt áfram endalaust, og framundan er hinn merki áfangi jafndægur á vori.

Góðar stundir
Kristófer Tómasson sveitarstjóri.

Tökum að okkur alla almenna smíðavinnu



SELÁSBYGGINGAR ehf
Reisum með reisn Sími: 894-4142

**FJARSKIPTAFÉLAG
SKEIÐA- & GNÚPVERJAHREPPS**



ljós@skeidgnup.is
Sigvaldi K. Jónsson: 863-4111
Jón Hákonarson: 669-0095

**HUNDAFANGARI
RAGNAR SIGURJÓNSSON**



859-9559

**Minningarkort Stóra Núpskirkju
fást hjá Margréti
Steinþórsdóttur: 486-6017**

**Minningarkort Ólafsvallakirkju
fást hjá
Guðjóni Vigfússyni: 896-5736**

Sveitarfélagið hyggst festa kaup á allt að tveimur nýjum íbúðum í þéttbýliskjörnunum við Árnosi og í Brautarholti. Afhending fari fram fyrir árslok 2019 eða eigi síðar en í byrjun árs 2020. Auglýst er hér með eftir tilboðum.



Tilgreina þarf eftirfarandi í tilboði.

Verð og stærð íbúða.
Val á byggingarefni.
Reynsla og réttindi viðkomandi í byggingariðnaði.
Staðfesting um full skil á opinberum gjöldum og öðrum vörslugjöldum
Möguleika á afhendingartíma.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps áskilur sér rétt til að hafna eða taka hvaða tilboði sem er.
Áhugsamir aðilar sendi tilboð á netfang sveitarstjóra: kristofer@skeidgnup.is fyrir 25. mars nk.
Hann veitir nánari upplýsingar.

**Viðbragðsáætlun
Almannavarna**
-samfélagsleg áföll-



Skýrslan fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp var gefin út á síðasta ári.

Hún er fánleg á skrifstofu sveitarfélagsins og má hana einnig finna á www.skeidgnup.is



Heilsugæslustöðin Laugarási

Sími: 432 2770 Fax: 432 2771

Opið virka daga kl. 8-16
Símatímar lækna kl. 9-9:30 & 13-13:30

Lyfjaendurnýjun er milli kl. 8-9.
Einnig rafrænt á www.heilsuvera.is

Utan opnunartíma er þjónusta lækna á Selfossi.
Sími vaktþjónustu lækna og hjúkrunarfræðinga er 1700.

Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings.
María Kristjánsdóttir forstöðumaður maria@hveragerdi.is
Velferðarþjónusta Árnesþings í Laugarási. Sími: 480-1180



Í NEYÐARTILVIKUM
HRINGIÐ Í 112



NESLAUG

Sími: 486-6117



Miðvikudaga: 17-22
Laugardaga: 13-18



SKEIÐALAUG

Sími: 486-5500



Mánudaga: 18-22
Fimmtudaga: 18-22

Umsjónarmaður:

Eypór Brynjólfsson s: 897-1112 eythorb@gmail.com

Gámasvæðin



Opnunartími:

Við Árnes:
Þriðjudaga kl. 14-16
Laugardaga kl. 10-12

Í Brautarholti:
Miðvikudaga kl. 14-16
Laugardaga kl. 13-15

Fata- & dýragámar eru opnir allan sólarhringinn

Tekið er við garðaúrgangi úr jurtaríkinu í Skafttholti alla daga
(Til vinstri á heimreið)

Áburðarpokar eru tveggja laga og ytra byrðið er endurvinnanlegt
en innra byrðið fer í almennt sorp.

Ekki er tekið við þessari vöru óflokkaðri.

Gjaldskyldur úrgangur: Almennur óflokkaður úrgangur frá heimilum
og fyrirtækjum. Blandaður óflokkaður úrgangur. Tímur málað og ómálað.
Vörubretti. Húsgögn. Gler. Gifs og gifsplötur. Steinefni/múrbrot.
Annar grófur úrgangur. Hjólbarðar m/felgum.

Gjaldfrjáls úrgangur: Hreinar plastumbúðir. Annað flokkað plast (hreint).
Bylgjupappi. Dagblöð/tímarit/pappír. Fernur. Flokkaðir málmar. Hjólbarðar.
Raftæki.

Umsjónarmaður: Jón F. Sigurdsson GSM: 893-7016



Á bak við eldavélina

Ég vil byrja á því að þakka Árna
Má fyrir þessa skemmtilegu
áskorun. Hér kemur ein ein-
föld villibráða uppskrift eftir
Úlfar Finnbjörnsson sem er í
upphaldi.

**Hreindýrabollur með gráðosti
og rifsberjahlaupi (fyrir 4)**

700 g hreindýrahakk eða annað
gott villibráðahakk
1 egg
2 msk hveiti
1 tsk salt
½ tsk pipar (eða eftir smekk)
8 tsk gráðostur
8 tsk rifsberjahlaup
3 msk olía

Setjið hakk, egg, hveiti, salt og
pipar í skál og blandið vel sam-
an. Mótið 8 bollur úr hakkinu,
stingið þumalfingri í bollurnar
og myndið holur. Fyllið holurnar
með gráðosti og rifsberja-
hlaupi og lokið fyrir með hakki.
Steikið bollurnar í olíu í tvær
mínútur á hvorri hlið.

Gráðostasósa

4 dl vatn
1 msk rifsberjahlaup
1-2 tsk gráðostur
1 msk villibráðakraftur
½ dl rjómi
Sósujafnari
Salt
Nýmalaður pipar

Hellið vatni á pönnuna sem
notuð var fyrir bollurnar ásamt
rifsberjahlaupi, gráðosti og villi-
bráðakrafti. Sjóðið við vægan
hita í tíu mínútur. Bætið rjóma
á pönnuna og þykkið með sósu-
jafnara. Smakkið til með salti og
pipar.

Best finnst mér að bera boll-
urnar fram með kartöflum og
grænmeti. Einnig má hafa bol-
lurnar helmingi minni og bera
þær fram sem pinnamat.

Verði ykkur að góðu.

Kveðja, Guðjón

Ég vil að lokum skora á hann
Vilmund Jónsson matgæðing að koma
með einhverja perlu.





Fréttir frá Þjorsárskóla

Dagur táknmálsins

Krakkarnir í fimmta bekk hafa verið að læra táknmál hjá Selmu í vetur. Mánudaginn 11. febrúar var Dagur íslenska táknmálsins og þá var settur upp táknmálsveggur í miðrymi skólans. Myndir af krökkunum að segja hin ýmsu tákn voru prentuð út og hengd upp á vegg, til sýnis fyrir alla í skólanum.



Bláfjöll

Þann 13. febrúar fórum við í Bláfjöll á skíði með alla nemendur í skólanum, 1.-7. bekk. Allir fóru á skíði, sumir í fyrsta skipti og voru því margir sigrar unnir þennan dag. Við fengum góða foreldra með okkur

í ferðina og færum við þeim okkar bestu þakkir fyrir alla hjálpinu.



Öskudagur

Á öskudaginn mættu nemendur og starfsfólk klætt búningum í skólann. Fyrst voru nemendur í heimastofum með umsjónarkennurum og síðan tók við ball í Árnesi undir stjórn Jóns Bjarnasonar. Það var mikið fjör og allir tóku þátt í skemmtilegum leikjum og dansi. Þá var kötturinn sleginn úr tunnunni, en nemendur höfðu sjálfir útbúið og skreytt tunnurnar. Allir fengu síðan sælgæti og ávaxtasafa í boði foreldrafélagsins. Þetta var litríkur og skemmtilegur dagur.

Aðalfundur Smára

Aðalfundur Smára var haldinn í Reiðhöllinni á Flúðum sunnudagskvöldið 27. janúar. Mætt var stjórn Smára, fundarstjóri var Jón Valgeirsson, en mæting félagsmanna var heldur dýpur, aðeins sjö mættu. Hvort það var Þorabóltsþreya eða Ófærð sem olli að fólk mætti ekki getum við ekki átt að okkur á. En fyrir svona aðalfund liggur heilmikil vinna og gaman hefði verið að sjá fleiri félagsmenn Smára mæta. Fundurinn var samt sem áður góður og var farið yfir helstu mál félagsins á liðnu ári. Hér verður einungis farið yfir helstu atriði en hægt verður að nálgast árskýrslu félagsins inn á heimasíðu Smára. Breyting varð á stjórn, þær Svanhildur Pétursdóttir og Aðalheiður Einarisdóttir stigu úr stjórn. En kjósa þurfti formann til eins árs og meðstjórnendur til tveggja ára. Sitjandi formaður gaf kost á sér til eins árs og voru ekki fleiri framboð í það sæti. Hulda Hrönn Stefánsdóttir mun halda áfram sem formaður til eins árs. Ragnheiður Hallgrímsdóttir kemur ný inn í stjórn og Jón Willam Bjarkason gaf einng kost á sér inn í Stjórn Smára. Þær Elín Moqvist og Rósa Birna Þorvaldsdóttir sitja áfram. Æskulýðsnefnd og Mótanefnd eru nánast óbreyttar, þessar nefndir eru komnar á fullt með þeirra starf. Munu þessar stjórnir hittast

bráðlega og fara yfir starf ársins og skipa í þær nefndir sem eru eftir. Á fundinum var Hans Þór Hilmarssyni afhentur Blæs bikarinn fyrir bestan árangur félagsmanns á árinu 2018, og óskum við honum til hamingju með titilinn. Ég ætla sérstaklega að þakka þeim Arnari og Berglindi á Landstólpa fyrir þeirra framlag til Gæðingamóts Landstólpa sem haldið var í sumar. Þetta mót er orðið hið glæsilegasta og þátttakan mjög góð, þau hafa hjálpað okkur síðustu tvö ár með veglegum styrkjum. Án svona styrkja væri erfitt fyrir félagið að halda svona mikið og stórt mót. Árið fer vel á stað, Uppsveitadeildin er hafin og var fyrsta mótið vel sótt og hestakosturinn frábær. Fyrsta vetrarmótið var líka þann 2. febrúar og var mótið nokkuð



Leikskólinn Leikholt



Þann 6. febrúar ár hvert er Dagur leikskólans, við í leikskólanum Leikholti höfum alltaf haldið upp á þennan dag á mismunandi hátt. Í ár var foreldrum boðið að koma í salinn og hlusta á börnin syngja nokkur af lögnum þau hafa verið að æfa í vetur, eftir sönginn var svo hægt að skoða listaverk eftir börnin í salnum. Margir mættu á þennan dag og úr varð mjög skemmtileg stund saman, við þökkum öllum fyrir komuna.



Öðruvísi dagur í febrúar var kosinn af börnunum í Vörðufelli að yrði kökudagur og þá var bökunarstöð þar sem börnin bökðu kanilsnúða og muffins og fengu síðan að borða

vel sótt. Við hvetjum félagsmenn að vera virk með okkur í vetur og mæta á viðburði félagsins, að baki öllu starfi sem nefndirnar eru að vinna að liggur heilmikil vinna. Við erum gamalt og gott félag og getum gert svo margt saman ef sem flestir eru virkir í starfi félagsins. Við minnum á facebook síðu félagsins og heimasíðuna okkar, en þar munum við birta það sem verður á dagskránni. Einnig í fréttabréfum hreppanna. Ef

afurðirnar í kaffitímanum seinna um daginn.



Öskudagur var þann 6. mars og var að sjálfsögðu haldinn hátíðlegur í Leikholti. Allir mættu í búning og margir fengu andlitsmálningu, kötturinn var sleginn úr tunnunni sem reyndist vera popp pokar og rúsinupakkar ásamt einni bangsa kisu (það varð jú vera köttur í tunnunni). Það er reyndar skemmtilegt að segja frá því að stuttu eftir að búíð var að tæma tunnuna kom einn hverfiskötturinn inn um gluggann og kíkta á börnin í salnum. Börnin dönsuðu og hlupu í salnum, foreldrar, systkini og aðrir gestir komu og glöddust með okkur og fengu svo kaffi og með því eftir ballið.

Við sendum einnig Grænánafréttir þar sem þið getið lesið um markmið barnanna þetta árið.

Bestu kveðjur frá öllum í Leikholti.

Það eru einhverjar spurningar má hafa samband við okkur í stjórn eða senda á smari@smari.is

Við hlökkum til að starfa með ykkur á árinu, nú er sólin farin að hækka á lofti og skemmtilegir tímar framundan hjá okkur, sem stundum hestamennsku bæði okkur til skemmtunar og vinnu.

*Með kærri þökk, Fh stjórnar Smára
Hulda Hrönn Stefánsdóttir*

Skrifstofa Skeiða- og Gnúpverjahrepps Árnesi 801 Selfoss

Opnunartími: Mánudaga til fimmtudaga: 9-12 & 13-15 og föstudaga: 9-12

Sími: 486-6100, netfang: skeidgnup@skeidgnup.is

Sveitarstjóri:

Kristófer A. Tómasson
486-6113 & 861-7150 kristofer@skeidgnup.is

Oddviti: Viðtalstími miðvikudaga kl 13-16

Björgvin Skafti Bjarnason
895-8432 oddviti@skeidgnup.is

Bókhalds- og launafulltrúi: Þuríður Jónsdóttir

486-6104 dudda@skeidgnup.is

Ritari, vefumsjón & öryggisvörður:

Kristjana H. Gestsdóttir, 486-6105 kidda@skeidgnup.is

Áhaldahús

Ari Einarsson
893-4426 ari@skeidgnup.is

Leikskólinn Leikholt

486-5586, leikholt@leikholt.is
Leikskólastjóri: Elín Anna Lárusdóttir 895-2995

Þjorsárskóli

Sími 486-6000
Skólastjóri: Bolette Høeg Koch
486-6051 & 895-9660 bolette@thjorsarskoli.is



Molar úr fundargerðum 15 (20. febrúar) og 16 (6. mars)

Fundargerð 15

1. Skeiðalaug; ástandsskýrsla og mat á kostnaði við endurbætur. Ari Guðmundsson verkfræðingur frá Verkis kynnti skýrsluna. Í skýrslunni kemur fram að mikilla endurbóta sé þörf á Skeiðalaug. Ljóst er að kostnaður við þær, ef af verður, mun verða mikill. Skoðaðir verða möguleikar á að áfangaskipta verkefninu. Samþykkt að óska eftir nánari greiningu á hvort um alkalískemmdir séu til staðar í mannvirkinu.

2. Hólaskógur ákvörðun um ráðstöfun – leiga eða sala. Oddviti lagði fram drög að auglýsingu um nýtingu lands og landsréttinda innan þjóðlendu í Hólaskógi. Oddviti lagði fram svohljóðandi tillögu. Sveitarstjórn samþykkir að fjallaskálinn í Hólaskógi verði auglýstur til sölu með tilheyrandi lóðarleiguréttindum. Leitað verði eftir lögfræðilegri ráðgjöf við að semja auglýsinguna. Tillagan var samþykkt með fjórum atkvæðum. Anna Sigríður Valdimarsdóttir greiddi atkvæði gegn tillögunni.

3. Erindi frá Forsætisráðuneyti. Varðar vikurnám. Lagt fram bréf frá Forsætisráðuneyti undirritað af Sigurði Erni Guðleifssyni og Reginu Sigurðardóttur. Í bréfinu er greint frá áformum um að bjóða út vikurnám í Búrfells- og Skeljafellsslandi. Óskað er eftir álit sveitarstjórnar á þeirri fyrirætlun. Sveitarstjórn lýsir sig andvíga því að vikurnám í Búrfells- og Skeljafellsslandi verði boðið út nema gerð verði úttekkt á því svæði sem nýtt hefur verið til vikurnáms og tryggt verði að þeir aðilar sem komi til með að taka að sér vikurnám kosti frágang á því svæði. Sveitarstjóra falið að útlista nánar fyrir tilheyrandi aðilum á grundvelli umræðna sveitarstjórnar um málið.

4. Umsókn um lóð. Selásbyggingar. Lögð fram umsókn frá Selásbyggingum ehf um lóðir 2-4 við Holta-braut, undirrituð af Hákonu Gunnlaugssyni. Oddviti falið að ræða við Hákon um fleiri möguleika á úthlutun lóða.

5. Fornleifaskráning í Þjorsárdal. Lögð var fram og kynnt skýrslan Þjorsárdalur, skráning fornminja úr lofti, unnin af Ragnheiði Gló Gylfadóttur og Garðari Guðmundssyni, fornleifafræðingum hjá Fornleifastofnun Íslands. Við rannsóknina voru settar fram eftirtaldir rannsóknarspurningar: Getur loftmyndataka og greining loftmyndagagna aukið við þekkingu okkar á bæjarstæðum í Þjorsárdal?

Eru enn óuppgötvaðar minjar á og við bæjarstæðin sem hægt er að ná fram með þessum skráningaraðferðum? Getur þessi skráningaraðferð varpað öðru ljósi á uppblásnar minjar en skráning á jörðu niðri? Niðurstöður verkefnisins eru samkvæmt skýrslunni þær að skráning uppblásinna fornleifa með loftmyndatöku og líkanagerð er mun fljótlegri og kostnaðarminni en hefðbundnar uppmælingar eða handteikningar og hefur marga kosti umfram þær aðferðir þó að hún komi ekki að öllu leyti í staðinn fyrir þær. Markmið verkefnisins Þjorsárdalur, skráning fornminja úr lofti var að afla frekari gagna um byggðina í Þjorsárdal og halda áfram að þróa þær skráningaraðferðir sem fyrst voru kannaðar í verkefninu Friðlýstar fornleifar úr lofti: Þróun skráningaraðferða á uppblásnum svæðum, árið 2016.

6. Skipulagsnefnd 171. fundur. Mál nr. 20, 21 og 22 þarfnast afgreiðslu.

20. mál. Hellnaholt Fossnes nýjar lóðir deiliskipulag 1803004. Sigrún Bjarnadóttir leggur fram umsókn um skipulag og deiliskipulagstillögu Eflu dagsetta 29.1.2019 fyrir Hellnaholt í Skeiða- og Gnúpverjahreppi (landnr. 226725), sem tekur til byggingar íbúðarhúss, hesthúss, átta frístundalóða og einnar landbúnaðarlóðar. Landeigandi hyggst byggja upp íbúðarhús og hafa þar fasta búsetu. Aðkoma að jörðinni er af Gnúpverjavegi nr. 325 og um núverandi aðkomuveg að frístundahúsum norðan hans. Deiliskipulagið er í samræmi við gildandi aðalskipulag sveitarfélagsins.

Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykki tillöguna og að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Leita skal eftir umsögnum frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Minjastofnun Íslands.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna og samþykkir jafnframt að auglýsa tillöguna skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Leitað verður eftir umsögnum frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Minjastofnun Íslands.

Tillagan verði auglýst samhliða auglýsingu á endurskoðun aðalskipulags.

21. mál. Vorsabær 1 1166501; Afmörkun lóða og nýbyggingar; Deiliskipulag. – 1902010.

Lögð fram umsókn af Guðjóni Sigfússyni fyrir hönd Kleifarnefs ehf um skipulag og einnig deiliskipulag-

stillögu dags. 02.02.2019. Tillagan tekur til afmörkunar tveggja lóða, annarsvegar fyrir hesthús ásamt reiðskemmu og hinsvegar fyrir sumarhús sem mun hafa aðkomu af Vorsbæravegi. Deiliskipulagstillagan er í samræmi við gildandi aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016.

Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykki tillöguna og að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn samþykkir ofangreinda tillögu sem og að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagskaga nr. 123/2010.

22. mál. Árnes, Deiliskipulagsbreyting. Endurskoðun deiliskipulags–1902023. Guðbjörg Guðmundsdóttir f.h. Skeiða- Gnúpverjahrepps leggur fram umsókn um skipulag, og tillögu dagsetta 6.2.2019 að breytingu á gildandi deiliskipulagi þéttbýliskjarna í Árnesi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Markmiðið með breytingunni er að laga skipulagsgrunninn til samræmis við raunveruleg lóðamörk skv. nýrri mælingu lóða og gatna innan þéttbýlisins í Árnesi. Nokkur eftirspurn er eftir lóðum undir par- og raðhús, en minni eftir stórum einbýlishúsalóðum. Nokkrar einbýlishúsalóðir eru því skoðaðar með það í huga og breytt í minni íbúðir. Deiliskipulagsbreyting þessi er í samræmi við Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016, en þar koma fram reitir fyrir íbúðarbyggð, verslun- og þjónustu og stofnanir.

Helstu breytingar:

a) Lóðarmörk við Heiðargerði og Hamragerði breytast til samræmis við mælingu og við það breytast einnig lóðarstærðir

b) Lega gatnanna Hamragerði og Heiðargerði breytist lítillaga skv. hönnun

c) Byggingareitir á lóðum við Hamra- og Heiðargerði breytast

d) Gangstétt er færð austur fyrir Heiðargerði og ný gönguleið milli Heiðargerðis og Hamragerðis

e) Gönguleiðir breytast lítillaga, nýjar gangbrautir yfir Skólabraut.

f) Lóðinni Hamragerði 1 er breytt í parhúsalóð

g) Lóðinni Heiðargerði 1 er breytt í þriggja íbúða raðhúsalóð

h) Settar eru kvaðir um lagnir á

lóðum

h) Bílastæði og aðkoma við Þjorsárskóla

i) Uppsetning skilmála breytist

Skilmálar á upphaflegu deiliskipulagi voru gefnir upp með bókstöfum og númerum sem var nánar útlistað í skýringum. Í nýlegum breytingum hafa verið settir skilmálar fyrir einstakar lóðir og eru þeir birtir hér. Ásamt því skilgreina skilmála með bókstöfum eru nú einnig birtir skilmálar fyrir lóðir og kvaðir.

Afgreiðsla Skipulagsnefndar: Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykki breytingu á gildandi deiliskipulagi skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. sömu laga.

Afgreiðsla sveitarstjórnar: Sveitarstjórn samþykkir ofangreinda breytingu á gildandi deiliskipulagi skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og samþykkir jafnframt að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. sömu laga

7. Minjastofnun. Friðlýsingar. Kristín Huld Sigurðardóttir, Þór Hjaltalín og Uggi Ævarsson mættu til fundarins. Þór, Kristín og Uggi útskýrðu fyrirhugað friðlýsingarferli minja í Þjorsárdal. Minjastofnun hefur sent hagsmunaaðilum bréf þess efnis. Í framhaldi tekur stofnunin við athugasemdum frá hagsmunaaðilum og heldur samráðsfund með hagsmunaaðilum, sveitarfélaginu og Umhverfisstofnun. Uppkast að friðlýsingartillögu verður unnin eftir það. Talsverðar umræður urðu um friðlýsingarmálin milli frum-mælenda og sveitarstjórnar. Unnið verður í athugasemdum til Minjastofnunar í framhaldinu.

Fundargerð 16

Sveitarstjóri lagði fram og kynnti drög að húsnaðisáætlun 2019-2025. Áætlun er komin vel á veg, stefnt að því að vinnu við lókið fyrir lok mars.

Úthlutun lóðar. Varðar lóðina Vallarbraut 11 í Brautarholtshverfi. Samþykkt var fyrir skömmu að úthluta Traðarlandi ehf lóðinni. Traðarland óskar eftir skila þeirri lóð og óskar eftir lóð á öðrum stað. Guðni Vilberg Baldursson fyrir hönd óstofnaðs félags leggur fram umsókn um lóðina Vallarbraut 11. Sveitarstjórn samþykkir að úthluta Guðna Vilberg lóðinni.

Lagt fram bréf frá Umhverfis- og

tækisviði dags. 13.02.19. Þar ræðir um breytingar á deiliskipulagi í Árneshverfi unnar af Guðbjörgu Guðmundsdóttur. Í breytingunum felast meðal annars tilfærsla lóðamarka og fjölgun íbúð á lóðunum Heiðargerði 1 og Hamragerði 1. Bílastæði og aðkoma við Þjórsárskóla, kvaðir um langir og fleira. Vísast nánar til fylgiskjals. Sveitarstjórn samþykkir deliskipulagsbreytinguna samhljóða.

- Skipulagsnefnd fundargerð 172. fundar.

o 10. Búrfells og Skeljafell L223324; Færsla brúar við Sultartanga - 1902049

o Axel Valur Birgisson f.h. Landsvirkjunar leggur fram umsókn um framkvæmdaleyfi vegna

o færslu brúar við Sultartanga í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Vegna hruns úr bökkum Sultartangaskurðar er nauðsynlegt að færa núverandi brúarstæði um ca 95m ofar í skurðinum tengja hana með samtals 1km löngum vegi sambærilegum og núverandi Þjórsárdalsvegur (veggerð C7). Fyrir liggur leyfi Vegagerðarinnar sem gefið var í desember 2018. Einnig mun framkvæmdin verða tilkynnt skv. fl. C í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br.

o Skipulagsnefnd felur skipulagsfulltrúa að veita framkvæmdaleyfi til samræmis við skipulasáætlanir, þegar fyrir liggur niðurstaða Skipulagsstofnunar um matskyldu.

o Afgreiðsla sveitarstjórnar:

o Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir að framkvæmdaleyfi verði veitt.

o 11. Hjálparvegur L223323; Endurbætur frá Þjórsárdalsvegi að Hjálparfossi; Framkvæmdaleyfi - 1902048

o Axel Valur Birgisson f.h. Landsvirkjunar leggur fram umsókn um framkvæmdaleyfi vegna endurbóta á Hjálparvegi og gera hann jafnframt að heilsársvegi í vegflokki C7 (tengi-vegur) í flokkun Vegagerðarinnar.

o Fyrir liggur leyfi Vegagerðarinnar sem gefið var í desember 2018. Einnig mun framkvæmdin verða tilkynnt skv. fl. C í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br.

o Skipulagsnefnd felur skipulagsfulltrúa að veita framkvæmdaleyfi til samræmis við skipulasáætlanir, þegar fyrir liggur niðurstaða Skipulagsstofnunar um matskyldu.

o Afgreiðsla sveitarstjórnar:

o Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir að framkvæmdaleyfi verði veitt.

o 12. Vestra-Geldingaholt L166613; Tjarnarholt; Afmörkun jarðar og stofnun lóðar - 1902047 Lögð fram umsókn Sigfúsar Sigfússonar, dags. 18.09.18, þar sem óskað er eftir staðfestingu á jörðinni Vestra-Geldingaholt L166613. Skv. hnitsettri afmörkun er jörðin 252 ha. Samhlíða er sótt um stofnun 174,8 ha lands úr jörðinni og óskað eftir að landið fái heitið Tjarnarholt.

o Aðkoma að landeigninni er frá Háholtsvegi (3335). Stærð Vestra-Geldingaholts eftir landskiptin er 77,2 ha.

o Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við afmörkun jarðarinnar, með fyrirvara um samþykki eigenda aðliggjandi landeigna á hnitsetningu landamerkjara. Ekki er gerð athugasemd við stofnun né heiti nýrrar landeignar með fyrirvara um samþykki Vegagerðarinnar um aðkomu að landinu. Þá er ekki gerð athugasemd við landskipti skv. 13. jarðalaga. Heitið Tjarnarholt er samþykkt.

o Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar.

• Fundur 59. stjórnar Bygðasamlags UTU. Fundargerð lögð fram og kynnt.

• Fundargerð Oddvitaneftdar UTU 27.02.19. Fundargerð lögð fram og kynnt. Í fundargerðinni er lagt fram tilboð í aðstöðuhús fyrir Seyrustaði að Flatholti 2 á Flúðum. Lægsta tilboð kom frá Landstólpa ehf. Tilboð þarfnast samþykktar aðildarsveitarfélaga. Sveitarstjórn samþykkir tilboðið með fyrirvara um að kostnaður við grunn hússins liggir fyrir.

o Annað:

• Sigurður Hreinsson aðstoðarskipulagsfulltrúi. Kynning. Sigurður hefur nýlega tekið við starfi aðstoðarskipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu, Flóahrepps og Ásahrepps. Hann mun fljótlega taka við embætti skipulagsfulltrúa. Sigurður sagði frá bakgrunni sínum og menntun og ýmsum þáttum starfsins.

• Kaup sveitarfélags á íbúðum. Sveitarstjórn hyggst festa kaup á allt að tveimur íbúðum í Árnes eða Brautarholtshverfum á árinu 2019 eða 2020. Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa eftir samstarfsaðilum um byggingu og kaup á allt að tveimur íbúðum. Sveitarstjóra falið að semja

auglýsingu þess efnis.

• Erindi frá Héraðsnefnd Árnesinga. Lagt fram erindi frá Héraðsnefnd Árnesinga undirritað af Eyþóri H. Ólafssyni formanni nefndarinnar. Erindið varðar áform um kaup og endurbætur á húseigninni Búðarstíg 22. á Eyrarbakka fyrir Bygðasafn Árnesinga. Óskað er eftir samþykki aðildarsveitarfélaga til kaupa á húseigninni. Heildar fjárförf vegna kaupa og endurbóta á eigninni er 100 mkr. Oddviti lagði fram eftirfarandi bókun. Ákvörðun sveitarstjórnar um að veita stofnun/félagi sem sveitarfélagið á í samvinnu við önnur sveitarfélög, einfalda ábyrgð vegna lántöku þess hjá Lánasjóði sveitarfélaga og hún tryggð með tekjum sveitarfélagsins:

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir hér með að veita einfalda ábyrgð á sínum hluta vegna lántöku stofnunar Héraðsnefndar Árnesinga, Bygðasafni Árnesinga hjá Lánasjóði sveitarfélaga að upphæð 100.000.000 kr. til allt að 15 ára.

Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og er hún óskipt (in solidum) gagnvart kröfuhafa, en innbyrðis skiptist hún í hlutfalli við eignarhluti í Bygðasafni Árnesinga.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur veitir lánasjóðnum veð í tekjum sínum til tryggingar þeirri ábyrgð, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Er lánið tekið til að ganga frá kaupum á húsnæði Bygðasafnsins á Eyrarbakka og endurbótum þess sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda Bygðasafns Árnesinga til að breyta ekki ákvæði samþykktar stofnunar sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila.

Fari svo að Skeiða- og Gnúpverjahreppur selji eignarhlut í Bygðasafni Árnesinga til annarra opinberra aðila, skuldbindur Skeiða- og Gnúpverjahreppur sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta.

Jafnframt er Kristófer Tómassyni kt. 060865-5909, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta

f.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps veitingu ofangreindrar ábyrgðar með áritun á lánsamninginn.

Samþykkt samhljóða.

Allar fundargerðir má finna á www.skeidgnup.is



Hagyrðingakvöld og söngur

Karлакór Hreppamanna stendur fyrir hagyrðingakvöldi í Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum 16. mars kl 20:00

Þar munu leiða saman hesta sína kunnir hagyrðingar af norður- og suðurlandi.

Lið sunnlendinga skipa þeir Sigurjón Jónsson, Magnús Halldórsson og Gylfi Þorkelsson hirðskáld Karlakórs Hreppamanna.

Lið norðanmanna skipa þeir Pétur Pétursson, Jóhannes Sigfússon og Reynir Hjartarson. Með norðanmönnum kemur einnig Birgir Sveinbjörnsson sem stýra mun samkomunni.

Sérstakir gestir eru Karлакór Kjalnesinga og aldrei að vita nema þar leynist hagyrðingar sem leggja munu orð í belg.

Léttar veitingar á barnum á víðráðanlegu verði.

Miðaverð 2500 – frítt fyrir 67 ára og eldri.



Ábyrgðarmaður:
Kristófer A. Tómasson
Umsjón og umbrot:
RS-útágáfan/Stefán Þorleifsson
Heimasíða: www.skeidgnup.is
Netfang: frettabref@skeidgnup.is

Bláðinu er dreift ókeypis á öll heimili og fyrirtæki í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.
Upplag: 350 eintök.

Skilafrestur í næsta blað er:
föstudaginn 5. apríl
Útgáfudagur er viku síðar.

frettabref@skeidgnup.is

Fréttapistill Félags eldri borgara

Félagsmenn þáðu heimboð Kristófers sveitarstjóra í Árnes 30. nóv. sl. og hlýddu þar á erindi Sigriðar Jóhannsdóttur formanns sykursjúkra um sykursýki og hverjar afleiðingar hennar geta verið á líf og heilsu fólks, en mikil aukning er á sykursýki 2. Þá sýndi sveitarstjóri kvikmyndir frá byggingu Þjóðveldisbæjarins í Þjórsárdal sem byggður var á árunum 1974 til 1977, og frá uppgreftri og byggingu bæjarins á Stöng 1957.

7. desember fóru félagarnir á jólatónleika Siggju Beinteins í Hörpunni sem var glæsileg sýning. Á jólafundinum okkar 14. des. mætti svo nýkjörinn Skálholtsbiskup Kristján Björnsson, talaði um sjálfan sig starf sitt, biskupsembættið og ýmislegt fleira. Þar kom og Magnea Gunn-

arsd. með barnahóp sem söng fyrir okkur jólalög við undirleik, einnig spiluðu börnin á hljóðfæri lystilega vel. Þá las Jenný í Skarði fallega jólasögu. Veislukaffi að þessu loknu.



11. jan. var félagsfundur og komu margir félagar með efni úr ýmsum átum.

23. jan. var félögum boðið á generalprufu þorablóts í Árnesi sem var glæsileg sýning.

25. jan. var vígt nýtt snjallsjónvarps-tæki í Bókahúsinu Brautarholti, gríðarstórt með miklum myndgæðum, og auðvitað sýndar myndir úr félagsstarfinu og ferðalögum á vegum félagsins. Á þessa samverufundi okkar mæta að jafnaði 15 til 20 manns. 8. febrúar var þorablót félagsins haldið á Hestakránni, glæsilegt að vanda þar. Heiðursgestir okkar að þessu sinni voru Páll M. Skúlason fyrrverandi aðstoðarskólameistari Menntaskólans á Laugarvatni og kona hans Dröfn Þorvaldsdóttir. Páll hélt okkur gríðarskemmtilegt og fróðlegt erindi. Þá voru stjórnarmenn einnig með smávægis fræðslu og skemmtiefni.

17. febr. fékk félagið til liðs við sig félagi úr Ungmennaráði til að kenna

fólkinu betur á snjalltækin sín, þar mættu Ástráður Unnar og Iðunn Ósk við ánægju félagsmanna. Stefnt er að framhaldi á þessu námskeiði.



22. feb. mættu til fundar hjá okkur þær Þóra Gretarsdóttir og Sigurbjörg Hermundardóttir frá Selfossi, þar sem Þóra hélt fróðlegt erindi um lífshlaup sitt, störf og sitthvað fleira. Þá er jóga í gangi alltaf einu sinni í viku og leikhúsfærð er á döfinni. Læt þetta nægja að sinni.

Kveðja Bjarni Ófeigur.

Sprettir á landnámsdegi

Menningar- og æskulýðsnefnd ásamt ungmennaráði, hefur ákveðið að halda sveitahátíð í kringum 17. júní, eins og verið hefur undanfarin ár en með eilítið breyttu sniði þar sem við sameinum Landnámsdaginn og Uppsprettuna.

Haldinn var fundur með flestum félagasamtökum og fulltrúa nokkurra hópa hér í sveit þar sem samþykkt var að halda sveitahátíð í kringum 17. júní eins og verið hefur undanfarin ár en leggja eilítið breyttar áherslur þar sem meginmarkmiðið verður að fá sveitungana til að taka þátt og vera með.

Ákveðið var að hampa nýupp-götvuðum fornminjum í Þjórsárdal og leggja megináherslu á landnám og fornminjar með ýmsum uppákomum og sprettum víðs vegar um sveit. Þannig munum við sameina Landnámsdaginn sem haldinn var hér til nokkurra ára og Uppsprettuna, eins og hátíðin hefur verið kölluð síðustu ár. Ekki er enn búið að ákveða nafn á hátíðina en við myndum gjarnan vilja fá ábendingar. Nafn hátíðarinnar mætti gjarnan vísa til Uppsprettunnar og Landnámsdagsins. Samstarf mun verða við hin ýmsu félagasamtök, áhugahópa, handverksfólk og framleiðendur matvæla og hvaðeina sem kemur upp á borð.

Hátíðin mun að öllum líkindum byrja með sveitadegi (föstudagur) þar sem mælt er til að sveitabæir, hverfi og þorpin tvö, taki til hendinni og skreyti og hreinsi hjá sér. Uppi eru hugmyndir um að sveitinni verði skipt upp í hverfi eftir ákveðnum þemum og mun föstudagurinn og dagarnir þar á undan, fara í það

að gera það klárt. Að kvöldi sláum við svo upp varðeldi fyrir alla sveitunga og bjóðum upp á grill og fleira í þeim dúr.

Daginn eftir stefnum við að því bjóða upp á „bröns“ þar sem öllum sveitungum verður boðið að koma og fá sér vel í svanginn, áður en við höldum inn í Þjórsárdal þar sem munu verða ýmis konar viðburðir, bæði laugardag og sunnudag. Verið er að vinna í því að halda dansleik, annaðhvort á laugardeginum eða sunnudeginum. Ýmsir aðrir viðburðir eru jafnframt fyrirhugaðir víða um sveitina sem munu m.a. tengjast landnámsmönnum okkar og fornminjum.

Haldinn verður fundur innan tíðar þar sem saman munu koma allir þeir sem vilja taka þátt í sveitahátíðinni með okkur á einhvern hátt og lögð nánari drög að dagskránni. Við hvetjum alla áhugasama til að hafa samband við menningar- og æskulýðsnefnd hið fyrsta á netfanginu mennogaesk@gmail.com og láta vita af mögulegri þátttöku og aðkomu á þessari sveitahátíð. Hvaðeina sem ykkur dettur í hug er verðugt verkefni. Hlökkum til að fá viðbrögð. Tökum þátt og verum með.

*Menningar- og æskulýðsnefnd í Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Ungmennaráð í Skeiða- og Gnúpverjahreppi*

Fréttir frá umhverfisnefnd Leikholt

Eins og flestum er kunnugt er Leikholt Grænánaleikskóli og er nú komið að því að sækja um að fá fánann endurnýjaðan og er það gert í maí á tveggja ára fresti. Leikholt þarf að fylgja sjö skrefa ferli sem á að efla vitund nemenda, kennara og annarra starfsmanna skólans um umhverfismál. Í upphafi hvers skólaárs fundar umhverfisnefndin og velur sér nýtt þema og markmið. Ef Leikholt nær markmiðum sínum fáum við að flagga Grænánanum aftur til tveggja ára. Hér fyrir neðan getið þið séð markmið þessa skólaárs. Eitt af skilyrðum verkefnisins er að umhverfisnefndin fundi reglulega og langaði okkur að birta nýjustu fundargerðina hér og leyfa ykkur að fá smá innsýn í það sem við erum að bralla.

Þema: **Lýðheilsa**

Markmið:

- Að kanna hvort maturinn sem börnin borða í leikskólanum sé skv. ráðleggingum landlæknisembættis (**sbr. Handbók fyrir leikskólalæknis**)
- Að börnin fari oftari í salinn og hreyfi sig
- Að börnin læri jóga
- Að stuðla að bættum samskiptum og líðan barnanna.

Þema: **Lýðheilsa, áthagar og lífbreytileiki**

- Að fara oftari í göngutúra, þar sem börnin fá hreyfingu, tína rusl, læra um áttaga leikskólans og kanna lífríkið (bæði gróður og dýr).
- Að kanna skordýralífið í leikskólanum og í nágrenni hans og búa til skordýrahótel.

Þema: **Áthagar**
Markmið:

- Að vinna áttahagaverkefni með útskriftarhópi. Börnin í útskriftarhópi eiga að læra að þekkja nærumhverfi heimilis síns s.s. helstu kennileiti og örnefni og geti upplýst aðra.

Þema: **Lífbreytileiki**

Markmið:

- Að aðstoða fuglana í nærumhverfi leikskólans við fæðuöflun. Að fræðast um það hvað fuglarnir heita, hvað þeir kjósa að borða og búa.

Umhverfisnefndarfundur

11. febrúar 2019

Mættir: elstu tveir árgangar, verkefnisstjóri og deildarstjóri Tilgangur þessa fundar var aðallega halda áfram þar sem við enduðum á síðasta fundi. Á síðasta fundi fórum við yfir markmiðið okkar, *Að kanna hvort maturinn í leikskólanum sé skv. ráðleggingum Landlæknisembættis*. Nú er komið að því að skrifa bréf til matráðanna. Verkefnisstjóri útskýrði tilgang fundarins og fór að ræða um það hvernig best væri að koma niðurstöðum skráningarinnar okkar til matráðanna. Komumst við að þeirri niðurstöðu að best væri að skrifa bréf til þeirra. Og þá hófst umræða um það hvað við myndum skrifa í bréfið. Og hófst þá umræða

- Hvernig byrjar maður bréf? Segja Halló....Góðan daginn.... Kæra/kæri....
- Gott að segja frá hverjum bréfið er og af hverju við erum að skrifa þetta bréf.
- Ákveðið var að gott væri að hrósa matráðunum fyrir allan góða matinn sem þær elda handa okkur.

- Næst myndum við setja inn niðurstöður skráningarinnar og tillögur okkar að breytingum, svo að matsseðillinn samræmist ráðleggingum Landlækniseimbættisins.
- Að lokum ætluðum við að þakka fyrir okkur og kveðja. Og deildarstjóri áréttaði mikilvægi þess að skrifa nöfnin okkar undir bréfið svo að matráðarnir vissu nákvæmlega frá hverjum bréfið væri.

Svo fórum við yfir öll hin markmiðin okkar. Við erum bara að standa okkur mjög vel. Við vorum dugleg að skrá allan mat í 8 vikur, fórum mjög oft í salinn (oft 5x í viku), erum að læra jóga, erum dugleg í ART og Blæ og erum dugleg að fódra fuglana. Það sem við þurfum að bæta eru göngutúrarnir, við erum ekki búin að vera nógu dugleg að fara í göngutúra undanfarið. Fundi slitið

Aðalfundur Kvenfélags Skeiðahrepps 2019

verður haldinn í bókasafninu á Brautarholti 23. mars kl. 11

Kvenfélag



Skeiðahrepps

Venjuleg aðalfundarstörf

- fundargerð síðasta fundar
- farið yfir reikninga félagsins
- skýrsla stjórnar
- lagabreyting
 - stjórn leggur til lagabreytingu á 4. grein laga Kvenfélags Skeiðahrepps. Í stað textabútsins „og skal það greitt á vorfundi“ standi „og sér gjaldkeri um innheimtu þess“.
- inntaka nýrra félaga
- kosningar og skipað í nefndir
 - kjósa þarf ritara, en Matthildur Elísa Vilhjálmssdóttir, núverandi ritari gefur ekki kost á sér.

Önnur mál, o.fl. skemmtilegt.

Veitingar í boði fráfarandi framkvæmdanefndar.

Allar konur hjartanlega velkomnar.
Kær kveðja, stjórnin.

Flúðasveppir Farmers Bistro

Garðastígur 8, 845 Flúðir



Matseðill – Við ræktum það sem við bjóðum upp á

Aðalréttir

Sælkerahlaðborð – kaffi eða te innifalið	2.390 ISK
Matarmikið kjúklingasalát með dressingu	2.490 ISK
Lambasveppabaggi með salati	2.490 ISK
Grænmetisbuff með salati og hvítlauks-og basilsósu (vegan)	2.100 ISK
Flatbaka með sveppum, tómötum og papriku (tortilla)	1.890 ISK
Allir barnaréttir á matseðli	990 ISK

Eftirréttir

Sveppaís	1.190 ISK
Gulrótarís	1.190 ISK
Gulrótar/byggkaka	1.190 ISK



Opið er frá 12:00 til 17:00 á veturnar og 12:00 til 18:00 á sumrin.

Tökum á móti hópum allt að 95 manns á kvöldin með sér matseðli ef óskað er.

Borðapantanir á booking@farmersbistro.is og s. 519-0808

farmersbistro, farmersbistro.is

Ályktun frá

Félagi Eldriborgara í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Á fundi Eldriborgarafélags Skeiða og Gnúpverjahrepps sem haldinn var 22.febrúar 2019 var eftirfarandi ályktun samþykkt og send framkvæmdastjórn HSU ásamt lykilstjórnendum þar:

Félag Eldriborgara í Skeiða og Gnúpverjahreppi lýsir áhyggjum

sínum varðandi hnignandi þjónustu heilsugæslulækna í Laugarási og krefst þess að úr verði bætt. Greinargerð: Frá áramótum hefur einungis einn læknir verið á vakt í Laugarási og biðtími eftir læknatíma er orðinn of langur og verða æ fleiri að að leita á bráðadeild með það sem ekki getur beðið. Á heilsugæslunni í Laugarási

hafa starfað tveir læknar undanfarna áratugi. Fólki fjölgar í uppsveitum Árnessýslu og þurfa lækniþjónustu og kemur svona skerðing hart niður á eldriborgurum þessa svæðis og eykur álag á bráðadeild..

Bjarni Ófeigur Valdimarsson
formaður..

Nanna systir!



Föstudaginn síðastliðinn, 8. mars, var Nanna systir frumsýnd í Árnesi en leikdeild UMFG hefur undanfarnar vikur æft leikritið undir dyggri leikstjórn Arnar Árnasonar. Sýningin var vel sótt og gerður var góður rómur að henni enda gengur á ýmsu í þessu leikverki eftir Einar Kárasen og Kjartan Ragnarsson. Í stuttu máli er þetta grát-broslegt drama frá 1996 sem gerist í litlu sjávarþorpi úti á landi. Til stendur að setja upp leikrit í stórrí skemmu, en ekki er allt með felldu í undirbúningnum þar sem uppákomur liðinna stunda setja strik í reikninginn. Við það reynir heldur betur á samskiptahæfni fólks, persónuleiki afhjúpast og mannlegir brestir koma í ljós. Hvernig fólki tekst að gera upp málin er ekki fyrir séð - en svona er lífið!

Ekki láta þessa hressu og skemmtilegu sýningu framhjá ykkur fara!



Næstu sýningar eru:

laugardaginn 16. mars kl. 20
sunnudaginn 17. mars kl. 14
fimmtudaginn 21. mars kl. 20
föstudaginn 22. mars kl. 20
sunnudaginn 24. mars kl. 14
sunnudaginn 24. mars kl. 20
fimmtudaginn 28. mars kl. 20
föstudaginn 29. mars kl. 20 lokasýning

Hægt er að panta miða í síma 8691118 eða á gylfi1sig@gmail.com

Allar nánari upplýsingar eru á facebookslíðu leikdeildar Ungmennafélags Gnúpverja

Aðalfundur!

Aðalfundur umf. Skeið verður haldinn
mánudaginn 8. apríl kl.20.
Venjuleg aðalfundarstörf.
Stjórnin

HJÓNABALL!



Hið árlega hjónaball verður haldið í Brautarholti
laugardaginn 30. mars kl. 20:00.
Allir velkomnir, hjón sem einhleypir.

Bjarni Birgisson sér um matinn, nefndin sér um fjörið
og hljómsveitin Spútnik heldur uppi
dansleik fram eftir nóttu.

Pantanir í síma 847 5353 (Lára Bergljót)
eða 862-2676 (Guðmunda Birna).

Einnig er hægt að kaupa miða í sundlauginni
mánudaginn 25. mars kl. 18-22.
Verð 8.500 kr.

Forréttur

Blandaðir sjávarréttir á salati með hvítlaukssósu.

Aðalréttir

Hægeldað lambalæri og grísapörusteik með meðlæti.

Eftirréttir

Kókos- og brownietoppar.

Leikskólinn Leikholt óskar eftir að ráða leikskólakennara í 65% stöðu frá og með 13. maí 2019. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn til að taka þátt og leiða áfram gott faglegt starf í skólanum.



Menntun og hæfniskröfur:

- Leikskólakennararéttindi áskilin.
- Sýni jákvæðni, frumkvæði og samstarfsvilja.
- Góð færni í mannlegum samskiptum.
- Áhugi og hæfni í starfi með börnum.
- Góðir skipulagshæfileikar og stundvísi.
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti.

Meginverkefni:

- Vinnur samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara að uppeldi og menntun leikskólabarna.
- Tekur þátt í skipulagningu faglegs starfs og foreldrasamstarfs undir stjórn deildarstjóra.

Leikskólinn Leikholt er Grænfána leikskóli, þar vinna 13 starfsmenn og þar ríkir góður vinnuandi. Við leggjum áherslu á ART þjálfun, mikla málörvun og læsi og kennslu í gegnum leikinn. Einnig erum við þátttakendur í vináttuverkefninu Blær sem er forvarnarverkefni gegn einelti. Einkunnarorð leikskólans eru: Gleði, vinsemd og virðing.

Fáist ekki leikskólakennari til starfsins er heimilt að ráða annan í stöðuna. Starfið hentar jafnt körlum sem konum og launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Launaneftdar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknarfrestur er til 8. apríl 2019.

Frekari upplýsingar veitir Elín Anna Lárusdóttir leikskólastjóri sími 486-5586/895-2995 og áhugasamir geta sent umsóknir ásamt ferilskrá á netfangið leikholt@leikholt.is.